



ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Landssamband smábátæigenda  
Örn Pálsson  
Hverfisgötu 105  
101 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2021  
Tilv.: ANR21050307/11.02.07

Efni: Svar við erindi Landsambands smábátæigenda varðandi beiðni á leiðréttingu á viðmiðunarafla til línuívilnunar.

Vísað er til erindis Landssambands smábátæigenda dags. 19. og 20. maí sl. þar sem óskað er eftir frekari heimildum til annars vegar línuívilnunar og hins vegar strandveiða á þessu fiskveiðiári.

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða er tilgreind í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni, þ.m.t. ráðstöfun til línuívilnunar. Samdráttur í leyfilegum heildarafla síðustu fiskveiðiár hefur leitt til þess að minna heildarmagn er til ráðstöfunar. Þar sem ákveðið var að skerða ekki það magn sem ráðstafað var til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári var óhjákvæmilegt að hlutfallslega meiri skerðing þyrfti að eiga sér stað í öðrum ráðstöfunum, þ.m.t. línuívilnun.

Þegar skiptimarkaði á hverjum tíma er lokið kemur í ljós endanlegt magn til ráðstöfunar og því voru gerðar breytingar til aukningar á línuívilnun með (12.) breytingu á reglugerð nr. 726/2020, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2020/2021 og er núverandi ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða sem hér segir:

Ráðstöfun í tonnum eftir tegundum	Skel- og rækju-bætur	Byggðakvóti til fiskiskipa	Byggðakvóti Byggðastofnunar	Fristunda-veiðar	Strand-veiðar	Línuívilnun	Samtals
1. Þorskur	1.472	4.029	4.092	222	10.000	1.246	20.946
2. Ýsa	257	682	715			700	2.354
3. Ufsi	453	1.073	1.261		1.000		3.787
4. Steinbítur	51	155	141			250	597
5. Gullkarfi	199	300	553		100	15	1.167
6. Keila	8	30	23			14	75
7. Langa	26	88	71			50	235
Samtals:	2.466	6.357	6.856	222	11.100	2.275	29.161

Fyrir liggur samkvæmt framansögðu að óráðstafað magn í potta skv. 3. mgr. 8. gr. eru alls 335 tonn. Fyrir liggur að ráðuneytið hefur að lögum engar frekari heimildir til að auka við aflaheimildir umrædda potta á þessu fiskveiðiári. Því óskar ráðuneytið eftir afstöðu Landssambands smábátæigenda til forgangsroðunar við ráðstöfun þeirra heimilda sem eftir standa og getið er að framan, alls 335 tonna.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra